

Góðan daginn,

Við lestur á frumvarpi til laga um kosningar, 339. mál vöknudu hjá okkur spurningar um eftirtalin atriði.

- 1 Varðandi 27. grein veltum við fyrir okkur þörfinni á að skrá kyn kjósenda í kjörskrá ekki síst þar sem sú skilgreining hefur breyst á liðnum árum.
- 2 Í 32. grein segir að leiðréttingar megi gera á kjörskrá fram á kjördag. Hvaða tíma er þá átt við, fram að þeim tíma er kjörstaðir opna, þar til þeir loka eða hvað? Þar sem fjallað er um póstkosningu segir að hún geti staðið til kl. 17:00 á kjördag en hvaða tíma er átt við hér? Skíra þarf orðalag svo ljóst sé við hvað er átt.
- 3 Í 91. grein þyrfti að koma fram hve oft kjósandi á rétt á nýjum atkvæðaseðli ef hann ónýtir seðil. Dæmi er um að kjósandi hafi eyðilagt fleiri en einn seðil við kosningu t.d. vegna ölvunar. Því væri heppilegt ef í lögnum væri tilgreint hversu marga seðla kjósandi getur eyðilagt áður en hann hefur hreinlega fyrirgert kosningarétti sínum.

Fyrir hönd kjörstjórnar Þingeyjarsveitar

Bjarni Höskuldsson Aðalbóli 641 Húsavík